

223. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

8. janúar 2013, kl. 9:00. Austurvegi 56, 2. hæð.

Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Trygvgvi Ólafsson.

1. KFHL – svar til UST um urðun á lífrænum úrgangi.

Samaber tölvupóst frá Umhverfisstofnun frá 21. júní 2012 gerir ráðuneytið kröfu á rekstraraðila urðunarstaða að þeir ákveði fyrir 15. febrúar 2013 hvort þeir ætli að taka við lífrænum úrgangi til urðunar. Ef áætlunin er að taka við lífrænum úrgangi skal skila inn áætlun um hauggassöfnun. Ef staðir eru í lokunarferli er ekki nauðsynlegt að skila inn gassöfnunaráætlun.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Umhverfisstofnun um frágang málsins en SOS hefur ekki áform um að taka við lífrænum úrgangi til urðunar á Kirkjuferjuháleigu.

2. Tillögur að staðsetningu fyrir nýja urðunarstaði.

Haldnir voru kynningarfundir á hverju svæði þar sem fyrirbyggjandi gögn voru kynnt. Komnar eru tillögur frá Reykjavíkurborg og Sveitarfélaginu Ölfus. Ekki hefur nema helmingur sveitarfélaga skilað inn svari við erindinu.

SOS leggur til að fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss verði boðaðir á næsta samráðsfund.

3. Fundargerð samráðsnefndar.

Lögð fram til kynningar fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi frá 17. desember 2012.

4. Úrskurður samkeppniseftirlits.

Samkeppniseftirlitið hefur tekið ákvörðun vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar yfir mismunandi afsláttum SORPU bs til viðskiptavina sinna. Samkvæmt ákvörðuninni er lögð sekt á SORPU og byggðasamlaginu gert að endurskoða gjaldskrá sína. Ekki hefur verið staðfest hvort SORPA muni áfrýja ákvörðun samkeppniseftirlitsins. Ákvörðun samkeppniseftirlitsins hefur ekki áhrif á samning SOS og SORPU um móttöku á sorpi og endurvinnanlegu efni af starfssvæði SOS, en viðskiptakjör verða endurskoðuð.

5. Gas- og jarðgerðarstöð.

Endurvinnsla á lífrænum úrgangi í gas- og jarðgerðarstöð rædd. Viðskiptaáætlun um verkefnið lögð fram.

Næsti fundur ákveðinn 5. febrúar 2013 kl 9:00
Fleira ekki gert og fundi slitið 10:45